



SANNIR LANDVÆTTIR

Fjármögnum og byggjum upp ferðamannastaði

Félagið Bergrisi og Verkís verkfræðistofa hafa stofnað félagið Sannir Landvættir. Markmiðið með stofnun félagsins er stuðla að uppbygginu á ferðamannastöðum um land allt í samvinnu við fyrirtæki, landeigendur, sveitarfélög og ríki. Sannir Landvættir bjóða upp á fjármögnun, hönnun og framkvæmd við uppbyggingu ferðamannastaða án kostnaðar eða útgjalda fyrir landeigendur. Íslandsbanki er bakhjarl verkefnisins og mun annast fjármögnun.

Sannir Landvættir hafa mikla sérfræðipækkingu og annast alla þætti framkvæmda við ferðamannastaði svo sem:

- Skipulag og hönnun
- Jarðvinnu
- Gerð bílastæða
- Salernisaðstöðu
- Göngustíga
- Útsýnispalla
- Starfsmannaaðstöðu
- Upplýsingaskilti
- Öryggisráðstafanir
- O.fl.

Jafnframt mun fyrirtækið leggja til búnað og hugbúnað til að hefja gjaldtöku af þjónustu á viðkomandi stöðum.

Arnór Þ. Sigfússon Framkvæmdastjóri Sannra Landvætta;

„Við erum tilbúin að taka á móti umsóknum og við ætlum okkur ekki nema fimm virka daga til svara hverri umsókn. Þetta verkefni nær til alls landsins og við skoðum allar umsóknir. Við höfum nú þegar mikilvæga reynslu af verkefnum af þessum toga og munum við nýta hana landeigendum og náttúru til hagsbóta. Gjaldtöku er ætlað að standa undir uppbyggingu og rekstri á þeim stöðum þar sem við munum koma að og gerum við samninga við landeigendur um skiptingu á tekjum. Kostir gjaldtöku eru aukið þjónustustig og aðstaða á viðkomandi stað þannig að ferðamenn eru ekki að greiða gjald fyrir aðgang“.

Mikil þörf er á uppbyggingu ferðamannastaða um land allt. Bæði til að tryggja betri umgengni um eftirsóttu staði og um leið að auðvelda aðgengi og stuðla að bættu öryggi ferðamanna. Með stofnun Sannra Landvætta býðst nýr valkostur fyrir landeigendur sem vilja ráðast í uppbyggingu sinna landsvæða. Hægt er að hefjast handa nú þegar, eða um leið og skipulag svæða leyfir.

Nú þegar eru viðræður í gangi um uppbyggingu á ferðamannastöðum víða um land. Verkefni eru margvísleg og af ólíkum toga. Allt frá heildaruppbyggingu með bílastæðum, salernisaðstöðu og gjaldtökubúnaði yfir í að setja upp gjaldtökubúnað fyrir sturtuaðstöðu. Verkefni dreifast um allt land og eru ýmist á vegum sveitarfélaga, ríkis eða einkaaðila.

Nánari upplýsingar:

Guðlaugur Magnússon
Arnór Þ. Sigfússon

gudlaugur@sannir.is
arnor@sannir.is

821-1000
843-4924



BERGRISI

